

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 12. mars 2020 kl. 9:30, en þetta var 77. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mættir voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar (13. febrúar 2020) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan:

Medical. Tekinn var fyrir sá hluti (15 færslur) listans frá síðasta fundi, sem ekki tókst að ljúka þá. Farið var yfir hverja einustu færslu og tillögur um breytingar vandlega ræddar. Niðurstöður fengust og mun JHJ færa inn breytingarnar í Íðorðasafn lækna og ÁÐ síðan sjá um að birta færslurnar í Íðorðabankanum,

COVID19-veiran. Borist hafði fyrirspurn vegna gamallar færslu í Íðorðasafni lækna þar sem veiran hafði verið nefnd „kransveira“ á íslensku. Samþykkt var að taka upp heitið „kórónuveira“ í samræmi við núverandi notkun í samfélaginu.

Sjúkrasaga (medical history). Íðorðasafn lækna geymir nú þrjár grunnfærslur sem farið var yfir til samræmingar. Um er að ræða þýðingar á ensku heitunum „medical history“ (history) og „clinical history“ og latneska heitinu „anamnesis“. Ákveðið var að gera úr þeim eina færslu og að fella niður latneska heitið sem úrelt.

Ofnæmis- og ónæmisheiti. Nefndin hefur nýlega farið yfir svonefndar „grunnfærslur“. Ákveðið var að leita uppi ofnæmis- og ónæmisheiti í safninu og fara yfir þau. Samkvæmt bráðbirgðaleit sem JHJ hefur gert eru færslur býsna margar og mun verkefnið því taka sinn tíma. Leitað verður samstarfs við sérfræðinga í þessum fræðum.

Sérgreinaheitin frá 2015. JHJ hafði samband við Landlæknisembættið (sbr. fundargerð frá 14. nóvember 2019) varðandi sérgreinaheitin og bauð fram aðstoð nefndarinnar þegar að því kæmi að heitin yrðu endurskoðuð. RTG er einnig tengdur væntanlegri endurskoðun á reglugerð um sérgreinar lækna.

Monitoring. Farið var lauslega yfir núverandi færslur í safninu. JHJ mun vinna í málinu.

3. Önnur mál:

Lögð var fram fyrirspurn um íslenskt heiti á „nucleus accumbens“ til úrvinnslu síðar.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 16. apríl 2020, kl. 9:30. JHJ mun að venju undirbúa þann fund og boða með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið um kl. 10:30. Fundargerð ritaði JHJ.